

Atvinnuveganefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2020  
Tilv.: 2011008

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld).**

1. Samkeppniseftirlitið vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 11. nóvember 2020, þar sem atvinnuveganefnd Alþingis veitti Samkeppniseftirlitinu færi á að veita umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefndbúvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga verðjöfnunargjöld), 229. mál. Frumvarpið var áður lagt fram á 149. og 150. löggjafarþingi (163. mál), en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú lagt fram að nýju með lítilsháttar lagfæringum.
2. Í umsögn Samkeppniseftirlitið um frumvarpið á fyrri löggjafarþingum, kom m.a. fram að eftirlitið mælti með því að frumvarpið verði að óbreyttu að lögum. Með þessari umsögn áréttar Samkeppniseftirlitið fyrri afstöðu sína. Samkeppniseftirlitið telur að frumvarpið muni efla samkeppni í landbúnaði og veita bændum frelsi til að hafa val um hvernig afurðum þeirra væri ráðstafað. Slíkt myndi leiða til aukinnar samkeppni á vinnslu-, heildsölu- og smásölumarkaði, og sem hefur jákvæð áhrif á nýsköpun á umræddum mörkuðum.
  - I.
3. Megin áherslur í frumvarpinu og breytingar frá núgildandi búvörulögum eru þær að í frumvarpinu er lagt til að framleiðendum (bændum) verði veitt meira frelsi og sjálfræði til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum og að velja sér fyrirvaraðila kjósi þeir svo. Auk þess er lagt til að undanþágur búvörulaga frá samkeppnislögum verði felldar niður og að atvinnugreinin starfi við almennar leikreglur á markaði líkt og aðrar atvinnugreinar gera. Sú breyting felur það m.a. í sér að verðlagsnefnd búvara og verðtilfærsla búvara verði lögð niður, sbr. 13. gr. búvörulaga, og þess í stað tekin upp frjáls verðlagning búvara til framleiðenda og á heildsölustigi. Þá er lagt til að afurðastöðvum í mjólkuriðnaði verði ekki lengur heimilt að sameinast og gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga, sbr. 71. gr. búvörulaga, sem kann að hafa í för með sér ólöglegt samráð sem aðilum í öðrum atvinnugreinum er gerð refsing fyrir. Þá eru í frumvarpinu lagðar skyldur á markaðsráðandi afurðastöðvar í mjólkuriðnaði sem miða annars vegar að því að tryggja söfnun á hrámjólk frá bændum og hins vegar að tryggja aðgang smærri afurðastöðva og vinnsluaðila að grundvallarhráefni í mjólkuriðnaði (ógerilsneydda mjólk) í þeim tilgangi að skapa skilyrði til þess að slíkir aðilar geti til frambúðar vaxið og dafnað á íslenskum mjólkurmarkaði.



## II.

4. Markmið með frumvarpinu er eins og áður segir að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Í því felst m.a. að afnema sérreglur búvörulaga sem gilda um mjólkuriðnaðinn og draga úr afskiptum ríkisvaldsins af verðlagningu, framleiðslu og vinnslu búvara. Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað kallað eftir framangreindum breytingum í umsögnum og álitum um landbúnaðarmál og telur að verði framangreind ákvæði frumvarpsins lögfest muni það efla samkeppni og bæta hag bæði neytenda og bænda. Styður eftirlitið því eindregið að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi í óbreyttu horfi. Skal þetta rökstutt nánar.

## III.

5. Frumvarpið miðar að því að efla samkeppni í landbúnaði og gefa bændum kost á með beinum hætti að taka þátt í markaðssetningu eigin afurða með því að veita þeim val um með hvaða hætti þeim er ráðstafað. Hefur Samkeppniseftirlitið orðið vart við þau sjónarmið bænda að þeir líti fremur á sig sem launþega en atvinnurekendur. Þetta sjónarhorn kom m.a. sterkt fram fyrir u.þ.b. áratug þegar Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að samráð hefði átt sér stað á vettvangi Bændasamtakanna um verðlagningu tiltekinna búvara sem lutu frjálsri verðlagningu. Þá var því haldið á lofti að staða bænda væri líkari stöðu launþega en atvinnurekenda.
6. Ein ástæða þessa rótgróna viðhorfs er að líkindum sú staðreynd að mikilvægar búvörur hafa í gegnum tíðina lotið opinberri verðlagningu. Önnur ástæða kann að vera sú að bændur eru á ýmsan hátt þiggjendur í því umhverfi sem þeir starfa. Þar er ekki bara átt við að þeir njóti opinbers stuðnings við framleiðslu sína heldur hafa þeir, hver og einn, mjög lítil áhrif á það hvernig afurðum þeirra er ráðstafað. Möguleikar þeirra til aðhalds með kjötafurðastöðvum er lítið nú þegar eignarhald á þeim hefur gengið þeim úr greipum að miklu leyti. Veik staða bænda gagnvart kjötafurðastöðvum birtist m.a. í því að nú í haust var sláturtíð vel á veg komin þegar bændum voru gefin upp verð á afurðum sínum.
7. Hafa langflest verkefni Samkeppniseftirlitsins á vettvangi landbúnaðar snúið að milliliðunum, þ.e. afurða- og vinnslustöðvum í landbúnaði. Þar hefur Samkeppniseftirlitið skynjað sterkt að hagsmunir bændanna sjálfra og neytenda eru ekki eins ólíkir og margir vilja halda fram.
8. Að mati Samkeppniseftirlitsins er með frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar hugað að þessum hvötum í landbúnaði, sem sett hafa bændur í stöðu þiggjenda fremur en veitenda. Það er gert með því að veita þeim frelsi til þess að hafa um það val hvernig og með hvaða hætti afurðum þeirra er ráðstafað. Það gefur bændum færi á því að vera þátttakendur í fullvinnslu og markaðssetningu eigin afurða sem að mati Samkeppniseftirlitsins mun leiða til aukinnar samkeppni á vinnslu-, heildsölu- og smásölumarkaði. Þar má ekki gleyma því að nýsköpun og samkeppni eiga samleið og geta ekki hvor án annarrar verið. Ef hvatar samkeppninnar eru ekki til staðar er mikil hættu á að fjármunir sem hið opinbera ráðstafar í nýsköpun fari í súginn.

## IV.

9. Samkeppniseftirlitið hefur af því áhyggjur að slagkraftur bænda gagnvart kjötafurða- og vinnslustöðvum sé lítil auk þess sem eignarhlutur bænda í kjötafurðastöðvum virðist vera minni en ætla mætti við fyrstu sýn. Samkvæmt nýlegum upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað í tengslum við rannsókn á samruna Norðlenska og Kjarnafæði má áætla (með fyrirvara um nánari athugun) að kjötafurðastöðvar sem eru að engu leyti eða í minnihlutaeigu bænda hafi á árinu 2019 haft um 44% hlutdeild, m.v. innlagnir bænda, í sauðfjárafurðum, 48% í nautakjöti og 72% í hrossakjöti.<sup>1</sup> Við þessa útreikninga er gengið út frá því að bændur séu meirihluti

<sup>1</sup> Er hér um að ræða afurðastöðvarnar SAH afurðir (í eigu sömu aðila og eiga Kjarnafæði), Sláturfélag Vopnfirðinga, Fjallalamb, B. Jensen og Sláturfélag Suðurlands.



félagsmanna KVH, KS og dótturfélaga. Samkeppniseftirlitið býr hins vegar ekki yfir upplýsingum um þessi atriði.

10. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru bændur því staddir á ákveðnum upphafspunkti, þar sem þeir hafa að verulegu leyti misst forræði á því afurðavinnskulerfi sem þeir byggðu upp á síðustu öld. Sem dæmi um laka samningsstöðu bænda gagnvart afurðastöðvum þá tilkynntu allar afurðastöðvar um lækkun á dilkaverði til sauðfjárnænda fyrir sláturtíðina 2017.<sup>2</sup> Þannig boðuðu afurðastöðvar lækkað verð til bænda um allt að 35% fyrir haustið 2017 til viðbótar við 10% lækkun ársins á undan.<sup>3</sup> Nú í haust gáfu sláturhúsin ekki út afurðaverð til sauðfjárnænda fyrr en sláturtíðin var hafin. Hefur jafnframt komið fram í fjölmiðlum að minni sláturhús myndu biða eftir verðlagningu Sláturfélags Suðurlands og Kaupfélags Skagfirðinga áður en afurðaverð til bænda væri gefið út.<sup>4</sup>
11. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að þörf sé á því að huga að fleiri leiðum til þess að styrkja stöðu bænda. Í því samhengi má nefna aukið samstarf bænda innan tiltekinna samtaka um m.a. kaup á aðföngum, samningar við kjötvinnslur eða kjötafurðastöðvar. Þá er vert að nefna í þessu sambandi tilskipun frá 25. apríl 2019 um ósanngjarna viðskiptaskilmála á milli fyrirtækja í virðisreikju landbúnaðarins og matvæla<sup>5</sup>, en hún miðar að því að vernda bændur og litla- og miðlungsstöra framleiðendur landbúnaðarvæðis í samskiptum við stærri fyrirtæki. Er nefnt í skýrslunni að samvinnurekstrarfélög (e. cooperatives) séu sérstaklega viðkvæm í þessu tilliti. Tilskipunin snýr því að því að vernda þessa hópa gegn ósanngjörnum viðskiptaskilmálum. Í dæmaskyni eru nefndar greiðslur sem berast of seint, afturköllun pantana með skömmum fyrirvara, óheimilt sé fyrir öflugka kaupendur að breyta samningum einhliða, s.s. með því að hætta skyndilega með vörur í sölu, o.s.frv.

## V.

12. Í þessu sambandi er gagnlegt að rifja upp ástæðu þess að sífellt fleiri ríki telja æskilegt að virk samkeppni ríki á sem flestum sviðum atvinnulífsins. Ástæðan er í hnotskurn sú að meginþorri hagfræðikenninga styður eindregið að samkeppni í viðskiptum sé mjög æskileg þar sem hún auki velferð neytenda og stuðli að hagkvæmni í atvinnulífinu.<sup>6</sup> Nánar tiltekið er virk samkeppni talin hafa þessa kosti:

- Samkeppni stuðlar að auknu vöruframboði og betri þjónustu.
- Agi samkeppninnar knýr fyrirtæki til að hagræða í rekstri og vinnur gegn sóun.

---

Hér ber að geta þess að tveir stærstu eigendur Sláturfélags Suðurlands eru Birta lífeyrissjóður með 33,71% og Landsbankinn með 20,61%. Þessir aðilar eiga hins vegar í B-deild hlutfjárnsins og hafa því ekki atkvæðisrétt á stjórnar- og aðalfundum en það gera eigendur í A-deild.

<sup>2</sup> Um var að ræða einhliða um 10% lækkun afurðastöðva á lambakjöti til bænda og rúmlega 30% lækkun fyrir kjöt af fullorðnu fé. Sjá: <http://www.bbl.is/frettir/frettir/saudfjarbaendur-motmaela-hardlega-laekkun-afurdaverds/15949/> og <http://saudfe.is/frettir/2322-b%C3%A6ndum-gert-a%C3%B0-taka-%C3%A1-sig-600-millj%C3%B3na-l%C3%A6kkun.html> og <http://www.visir.is/g/2016160829021>

<sup>3</sup> Sjá: [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/23/bodud\\_laekkun\\_a\\_afurdaverdi\\_vabodi/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/23/bodud_laekkun_a_afurdaverdi_vabodi/)

<sup>4</sup> Sjá: <https://austurfrett.is/frettir/allavega-vika-i-adh-afurdhaverdh-i-slaturtidhinni-liggi-fyrir> og <https://www.ruv.is/frett/2020/11/09/hafa-thungar-ahyggjur-af-lagu-verdi-til-saudfjarbaenda>.

<sup>5</sup> Sjá: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019L0633&from=EN>.

<sup>6</sup> Sjá t.d. rit OECD frá október 2014, *Factsheet on how competition policy affects macro-economic outcomes*. Á bls. 2 er fjallað um áhrif samkeppni á framleiðni: „Most importantly, it is clear that industries where there is greater competition experience faster productivity growth. This has been confirmed in a wide variety of empirical studies, on an industry-by-industry, or even firm-by-firm, basis. ... The effects of stronger competition can be felt in sectors other than those in which the competition occurs. In particular, vigorous competition in upstream sectors can ‘cascade’ to improve productivity and employment in downstream sectors and so through the economy more widely.“ Sjá einnig skýrslu breska viðskipta- og iðnaðarráðuneytsins (DTI) „DTI Economics Paper no. 9, *The Benefits for Competition: some illustrative UK cases*“, júlí 2004: „Almost from their (academic) cradle, economists learn the virtues of competition. Whether couched in the elegant prose of Georgian English, or in the more direct style of the 21st century, the message is the same. Competition is a good thing; it makes markets work well, and is in society’s interests.“



- Samkeppni stuðlar að nýsköpun og framförum í atvinnurekstri.
  - Samkeppni stuðlar að því að neytendur fái vörur og þjónustu á sem lægstu verði.
  - Samkeppni stuðlar að þjóðhagslegri hagkvæmni í efnahagslífinu (áhati neytenda og framleiðenda).
13. Ekki er sjálfgefið að samkeppni sé virk á mörkuðum. Markaðsbrestir geta átt sér stað og fyrirtæki geta séð sér hag í því að draga úr samkeppni með ýmsum aðgerðum. Í því skyni að tryggja að jákvæð áhrif samkeppni gagnist almenningi hafa vel yfir hundrað ríki víða um heim sett sér samkeppnislög. Er almennt litið svo á að verndun og efling samkeppni sé nauðsynleg til þess að stuðla að aukinni framleiðni, hagræðingu og efnahagslegum vexti.<sup>7</sup>
14. Samkeppnislög hafa þann tilgang að vernda samkeppnina með því að leggja bann við samkeppnishamlandi aðgerðum sem skaða hagsmuni bæði neytenda og viðskiptalífsins. Jafnframt eiga samkeppnislög að tryggja að öll fyrirtæki, stór sem smá, hafi möguleika til að taka þátt í heilbrigðri samkeppni og þurfi ekki að þola óeðlilega eða skaðlega viðskiptahætti af hálfu annarra öflugri fyrirtækja. Samkeppnislög eiga þannig að stuðla að því að nýir aðilar geti hafið atvinnurekstur og smærri fyrirtæki stækkað og eru því liður í að efla eða viðhalda öflugu atvinnulífi. Með þessu er einnig stuðlað að nýsköpun og framförum í hvers kyns atvinnurekstri.<sup>8</sup>
15. Á sama hátt og ljóst er að samkeppni í viðskiptum hefur jákvæð áhrif liggur fyrir að samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklum skaða. Ef engar eða takmarkaðar samkeppnisreglur eru fyrir hendi aukast líkur á óæskilegri hegðun fyrirtækja, störf tapast og samkeppnishæfni atvinnulífsins minnkar. Án samkeppnisreglna geta t.d. markaðsráðandi fyrirtæki hrakið minni keppinauta út af markaðnum og hindrað að nýir aðilar nái á honum fótfestu með tilheyrandi skaða fyrir samfélagið.<sup>4</sup> Um þetta eru dæmi hér á landi á markaði fyrir landbúnaðarafurðir.
16. Þá eru verulegar líkur á að hagsmunir bænda myndu einnig skaðast af sömu ástæðum, enda eru möguleikar þeirra til aðhalds með kjötafurðastöðvum lítið, nú þegar eignarhald á þeim hefur gengið þeim úr greipum að miklu leyti. Veik staða bænda gagnvart kjörafurðastöðvum birtist m.a. í því að nú í haust ver sláturtíð vel á veg komin þegar bændum voru gefin upp verð á afurðum sínum. Hefur jafnframt komið fram í fjölmiðlum að minni sláturhús myndu bíða eftir verðlagningu Sláturfélags Suðurlands og Kaupfélags Skagfirðinga áður en afurðaverð til bænda væri gefið út.<sup>9</sup>

## VI.

17. Til viðbótar bendir Samkeppniseftirlitið á að núgildandi undanþáguákvæði 13. og 71. gr. búvörulaga tilgreina ekki með skýrum hætti til hvaða mjólkurvara ákvæðin nái. Samkvæmt 8. gr. og bókun 3 við EES-samninginn falla þar tilgreindar búvörur undir gildissvið EES-samningsins,

<sup>7</sup> Sjá t.d. ræðu Neelie Kroes framkvæmdastjóra samkeppnismála hjá ESB, *In defence of competition policy*, 13. október 2008: „The core of our understanding of the world is that markets do NOT work best when left alone ... this is what our enforcement record and independent evidence shows, and it is the only practical approach to take. Competition policy is a tool that has worked well for 50 years – for Member States, for Europe, for consumers and for law-abiding companies everywhere. It has spread to more than 100 economies, including every major economy in both the developed and developing world – and for one reason: because it helps to increase and protect prosperity.”

<sup>8</sup> Sjá t.d. Renata Hesse (yfirmaður samkeppnismála hjá bandaríska dómsmálaráðuneytinu), ræða 20. september 2016, „And Never the Twain Shall Meet? Connecting Popular and Professional Visions for Antitrust Enforcement”: „ ... competition is fair because it gives a chance to the small business owner to succeed in her business venture, because it delivers lower prices to consumers, and because it drives the innovation that improves products, business processes, and more.”

<sup>9</sup> Sjá: <https://austurfrett.is/frettir/allavega-vika-i-adh-afurdhaverdh-i-slaturtidhinni-liggi-fyrir> og <https://www.ruv.is/frett/2020/11/09/hafa-thungar-ahyggjur-af-lagu-verdi-til-saudfjarbaenda>



þar á meðal samkeppnisreglur samningsins. Á þetta hefur Samkeppniseftirlitið bent ítrekað á áður.

18. Á 145. löggjafarþingi (680. mál) lagði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytingar á bæði 13. gr. og 71. gr. búvörulaga, þar sem lagt var til að tekinn yrði af allur vafi um að ofangreindar undanþágur tæku eingöngu til vara sem ekki falla undir bókun 3 við EES-samninginn. Breytingartillögurnar voru felldar brott við meðferð meirihluta atvinnuveganefndar og náðu því ekki fram að ganga. Af ofangreindu má því leiða að núverandi fyrirkomulag sé í andstöðu við ákvæði EES-samningsins, og er það í samræmi við mat Samkeppniseftirlitsins.

## VII.

19. Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt áhyggjur af því að slagkraftur bænda gagnvart kjötafurða- og vinnslustöðvum sé of lítill. Telur því Samkeppniseftirlitið þarft að skoða hvort forsendur séu til að auðvelða og hvetja bændur til aukins samstarfs sín á milli, sem bæti samningsstöðu þeirra gagnvart viðsemjendum sínum, geri þeim kleift að ná að nýjum tókum á eigin framleiðslu, auki hagræði í búrekstri þeirra og skapi aukið samkeppnislegt aðhald á markaðnum. Tekur Samkeppniseftirlitið fram að með samstarfi sem þessu er átt við samstarf á milli bænda en ekki t.a.m. kjötafurðastöðva sem ekki eru í fullri eigu bænda og á forræði þeirra. Jafnframt vekur Samkeppniseftirlitið aftur athygli á tilskipun frá 25. apríl 2019 um ósanngjarna viðskiptaskilmála á milli fyrirtækja í virðiskeðju landbúnaðarins og matvæla<sup>10</sup>, en hún miðar að því að vernda bændur og litla- og miðlungsstóra birgja í samskiptum við stærri fyrirtæki.
20. Þá mætti einnig skoða rekstrarskilyrði afurðastöðva með hliðsjón af dýravelferð, hagræðingu, nýsköpun og samkeppni. Á Íslandi ná lög nr. [96/1997](#)<sup>11</sup> um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum yfir afurðir dýra sem slátrað er heima, sbr. g-lið 2. gr. Í 1. mgr. 5. gr. laganna segir að sláturdýrum, sem slátra eigi til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skuli slátra í löggiltum sláturhúsum. Í 4. mgr. 5. gr. segir að eigendum lögbýla sé heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Af þessum lagaákvæðum er ljóst að heimaslátrun til eigin neyslu er leyfileg en öll dreifing heimaslátraðra afurða hvort sem er innan lands eða utan er bönnuð. Með reglugerð nr. 856/2016<sup>12</sup> er að finna sérstaka aðlögun að kröfum fyrir lítil sláturhús sem skilgreind eru sem sláturhús þar sem slátrað er að hámarki 5 stórgripum á viku eða að hámarki 100 lömbum á dag. Í 7. gr. er að finna kröfur um byggingar fyrir lítil sláturhús en eftir sem áður stendur bannákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1997 um endursölu á afurðum af heimaslátruðum dýrum þrátt fyrir að þau gætu uppfyllt skilyrði sem lítil sláturhús samkvæmt reglugerðinni. Því má telja að reglugerðin nái ekki tilgangi sínum í því að fjölga litlum sláturhúsum og því má að öllu óbreyttu búast við fækkun afurðastöðva sem mun leiða til meiri kostnaðar við flutning sláturfjár milli landshluta, minni dýravelferð, aukinni sjúkdómahættu og lakari gæði afurða.
21. Til lausnar minnkandi framleiðslu og fækkunar sauðfjár hefur í Bretlandi verið litið til mikilvægi þess að styðja við lítil sláturhús til þess að ýta undir nýsköpun og framfarir.<sup>13</sup> Með því er dýravelferð talin betur tryggð að gefnu tilteknu eftirliti og uppfylltum tilteknum skilyrðum. Gæti sú leið opnað á meiri heimavinnslu bænda og veitt þeim tækifæri til markaðssetningar á eigin afurðum með rekjanleika sem styrkleika að vopni.<sup>14</sup>

<sup>10</sup> Sjá m.a. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019L0633&from=EN>

<sup>11</sup> Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/126a/1997096.html>

<sup>12</sup> Sjá: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/0856-2016>

<sup>13</sup> Sjá: <https://sustainablefoodtrust.org/articles/a-good-life-and-a-good-death-re-localising-farm-animal-slaughter/>

<sup>14</sup> Sjá: <https://www.stockjournal.com.au/story/4730649/small-on-farm-abattoirs-offer-great-opportunities/> og <https://www.fwi.co.uk/livestock/support-mobile-abattoirs-safeguard-local-meat-urges-report> og <https://www.motherearthnews.com/homesteading-and-livestock/power-equipment/mobile-abattoir-zmgz1zrog>



#### VIII.

22. Með hliðsjón af öllu framangreindu styður Samkeppniseftirlitið efni frumvarpsins og telur að það muni nýtast bændum sem og neytendum til lengri tíma litið. Einnig vekur Samkeppniseftirlitið athygli á því að svo virðist sem núverandi fyrirkomulag undanþáguákvæða 13. og 71. gr. sé í andstöðu við ákvæði EES-samningsins.
23. Er jafnframt mælt til þess að rekstrarskilyrði landbúnaðar verði tekin til skoðunar þannig að samkeppni og nýsköpun fá að njóta sín eins og framar segir bæði bændum og almenningi til hagsbóta. Í því sambandi er t.d. mikilvægt að taka til skoðunar með hvaða hætti sé hægt að bæta samningsstöðu bænda gagnvart fyrirtækjum sem þeir eru háðir um vinnslu afurða og aðföng. Þetta væri unnt að gera með því að greiða fyrir tilteknu samstarfi milli bænda eða með því að draga úr hindrunum sem bændur standa frammi fyrir við vinnslu afurða sinna og sölu beint til neytenda.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Birgir Óli Einarsson